

Hringrás - Akureyri
Ægisnes 1
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 23. janúar 2014
Tilvísun: UST20120800027/gsá

Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 23. september 2013 þar sem áformað var að leggja dagsektir á Hringrás - Akureyri vegna tveggja frávíka sem fram komu í eftirliti þann 2. október 2012, hvað varðar skort á mælingu á súrefnisþörf og svifögnum, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi og að hreinn aðskilnaður úrgangshauga er ekki fyrir hendi á athafnasvæði rekstraraðila sbr. gr. 2.11 starfsleyfi.


Þann 18. desember sl. sendi rekstraraðili úrbótaáætlun til stofnunarinnar með tölvupósti þar sem gerð er grein fyrir áætlun vegna aðskilnaðar úrgangshauga sem og staðfestingu á nýrri mælingu á samsetningu fráveituvatns. Beðið er niðurstaðna úr þeirri mælingu og sendir rekstraraðili afrit af þeim um leið og þær berast.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna fráviksins.

Hér með staðfestist að starfsstöð Hringrás - Akureyri hefur bætt úr þeim frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit árána 2012- 2013.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra